

Stjórnarfundur 15 mánudaginn 9. ágúst 2016 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.



Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, Kristján Geir Guðmundsson og Steinn Einarsson.

Afboð og mættu ekki: Hrafnhildur Theódórsdóttir, Árni Jón Eggertsson, Brynja María Ólafsdóttir og Sigurbjörn Árni Arngrímsson.

Dagskrá

- Ársþing
- Fjármál
- Mótamál
- CEV keppni
- Landsliðsmál
- Önnur mál

Fundargerð

Ársþing

- Haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal föstudaginn 16. september kl. 16.00. Sævari falið að útbúa þingboð ásamt formanni BLÍ.
- Rætt um hvaða tillögur þurfi að setja saman, eða uppfæra reglugerðir, s.s. um bikarkeppnina og skilgreiningu á ferðakostnaði. Einnig félagaskiptareglugerð og Lög BLÍ vegna ársþings.
- Rætt var um iðkendagjald á fundinum og niðurstaða fannst um leyfisgjald á keppendum í deildakeppni BLÍ. Upphæðin er ekki há per einstakling en skiptir sambandið gríðarlega miklu máli þegar fram í sækir, enda starfsemin að aukast um þessar mundir.
- Það er ljóst að Kristján Geir Guðmundsson mun hætta í stjórn BLÍ og óskar sambandið eftir fólki í stjórn og nefndir sambandsins og biðlar þannig til félaganna.

Fjármál

- Mótið í vor var mjög dýrt og tapið gríðarlegt. Lausafjárstaðan er slæm og lítið sem hægt er að gera. Nokkur félög eiga þó enn eftir að greiða staðfestingargjaldið og verður ýtt á eftir því strax.

Mótamál

- Niðurröðun er komin af stað en verður ekki haldið áfram fyrr en allir hafa greitt staðfestingargjaldið.
- Metfjöldi liða er í deildakeppninni en stofnuð hefur verið 7. deild kvenna. Deildirnar eru því orðnar 8 í kvennaflokki og áfram þrjár í karlaflokki.

CEV keppni

- Nokkur umræða hefur verið vegna úrslitamóts Smáþjóða sem á að fara fram á vegum BLÍ næsta vor. Ekki hefur verið staðfest hús né hótél en þetta tvennt er aðal kostnaðurinn við mótshaldið, svo mikill að það má alveg skoða að hætta við að halda riðilinn og taka afleiðingunum.
- Stjórn BLÍ ræddi málið fram og aftur og ákvað að reyna að bóka hótél og negla hús á næstu vikum. Að því loknu er hægt að fara að vinna að alvöru við skipulagningu mótsins.
- Það er ljóst að Grétar mun taka verkefnið að sér og finna með sér 4-6 aðra í skipulagninguna á framkvæmd mótsins og fjárhagslegu hliðina.

Landsliðsmál

- Stefán Jóhannesson fór í gegnum nokkrar glærur þar sem fram kom að starfið mun tvöfaldast a.m.k. næstu 10 mánuðina. Í fyrsta sinn verða send lið í Evrópukeppni unglingslandslíða og þá eru bæði A landsliðin í mörgum verkefnum út júní 2017 þar sem þau komust bæði áfram í 2. umferð HM í blaki.
- Almenn ánægja var með kynningu Stefáns sem heldur svo áfram inni í landsliðsnefndinni en umræða var um að taka Kristján inn sem verkefnastjóra landsliðsmála hjá sambandinu.

Önnur mál

- Nokkur umræða var um starfsmannamál og ljóst að fjölga þarf stöðugildum til þess að halda utan um ört stækkandi sérsamband. Fjárhagurinn verður þó að ráða því hversu hratt starfsmönnum skal fjölgað en sérstaklega var rætt um stöðu til að finna tekjur, styrktaraðila en sá aðili þyrfti að vera verktaki á prósentum til að vel ætti að vera.
- Þá var einnig reifað mál um að nokkur sérsambönd myndu taka sig saman og ráða starfsmann í einstök verkefni sem eru sameiginleg. Enginn formlegur fundur hefur verið en stefnt að honum í byrjun september.

Fleira var ekki rætt á fundinum

Fundi slitið kl. 18.15

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð